

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 60 000.—. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 30 000.—.

### 2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 15 000.—, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Janframt eru felldar úr gildi 1. gr. og 12. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451/1976 með áorðnum breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 31, 4. apríl 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands.

### 1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Vextir skulu leggjast við höfuðstól minnst einu sinni á ári.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 12, 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 27. nóvember 1980.*

**Tómas Árnason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## REGLUGERÐ

um lágmarksafkastagetu flugvéla.

### 1. gr.

Flugvélar sem notaðar eru til farþegaflugs í atvinnuskyni við blindflugsskilyrði eða í næturflugi skulu hafa þá lágmarks afkastagetu, að þær með einn hreyfil óvirkan og á flugþyngd eins og hún er á hverjum tíma, geti haldið þeirri lágmarksflughæð eða lágmarksflughæðum, sem birtar eru í Flugmálalagabók — AIP Iceland — á allri fyrirhugaðri flugleið. Ef flogið er eftir flugleið, sem ekki er birt í Flugmálalagabók — AIP Iceland — skal miða við 1500 feta hæð yfir hæstu hindrun innan 10 sjómílna beggja vegna flugleiðarinnar.